Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1708
komudagur 13.4.2010

Friðrik Friðriksson

RSS

#4 Fjölmiðlafrumvarpið og Fjölmiðlastofa

5. 4. 2010

Viðskiptaáætlanir eru forsenda fjárfestinga og nýrrar starfsemi hjá einkaaðilum. Það vekur því forvitni að skyggnast inn í starfshætti hins opinbera hvað þetta varðar, þegar framkvæmdavaldið leggur til við Alþingi að lögfesta nýja ríkisstofnun, Fjölmiðlastofu. Á tveimur öftustu síðum fjölmiðlafrumvarpsins, á bls. 372-374 má finna það sem ég vil kalla: **Viðskiptaáætlun fjármálaráðuneytisins, vegna frumvarps til fjölmiðla**. Stjórnarfrumvörpum fylgir viðskiptaáætlun aftast í texta, við getum varla kallað hana annað, þótt samkvæmt orðanna hljóðan sé um umsögn að ræða. Við blasir að þarna er löggjafinn að biðja gæslumenn skattfjár í fjármálaráðuneytinu að meta kostnaðaráhrif viðkomandi frumvarps, í þessu tilfelli sérstaklega Fjölmiðlastofu. Af blaðsíðunum tveimur sem fara undir viðskiptaáætlunina er stærsti hlutinn endursögn af tilgangi frumvarpsins, en 16 línur fara í að meta fjármálaþáttinn, það sem máli skiptir í þessu samhengi.

Viðskiptaáætlun fjármálaráðuneytisins um væntanlegan kostnað af resktri Fjölmiðlastofu er svohljóðandi: *„Þar sem um er að ræða nýja stofnun með ný verkefni er talsverð óvissa um hversu marga starfsmenn slík stofnun þyrfti að hafa, en það fer t.d. eftir því hversu ítarlegum aðferðum er beitt við eftirlitið". Og svo segir „ Miðað við áform mennta- og menningarmálaráðuneytisins og að Fjölmiðlastofa verði sjálfstæð stofnun er hér gert ráð fyrir að þar þurfi að starfa a.m.k. forstöðumaður, tveir sérfræðingar og aðstoðarmanneskja. Með hliðsjón af þessum forsendum gæti rekstrarkostnaður Fjölmiðlastofu numið um 40 m.kr. á ári auk 3,5 m.kr. í stofnkostnað".* Síðan er bætt við að á móti gæti fallið niður 10 m.kr. fjárheimild vegna útvarpsréttarnefndar og stöðugildi úr ráðuneyti flutt yfir í hina nýju stofnun. Síðan almenn fyrirheit um að í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs verði leitað allra leiða til að lágmarka kostnað við Fjölmiðlastofu og kannað með að samnýta aðstöðu og þjónustu með annarri stofnun.

Já, þetta er allt og sumt; Viðskiptaáætlun fjármálaráðuneytisins og kostnaðargreining á nýrri ríkisstofnun! Er þetta boðlegt? Eitt er þó ljóst af þessum lestri, að menn hafa litla hugmynd um hvað Fjölmiðlastofa muni kosta í framtíðinni. Þá vaknar hin eðlilega spurning í framhaldinu hvort þetta séu almennt vinnubrögðin, að menn taki framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs af svo mikilli léttúð.

Í ljósi reynslunnar er fróðlegt að kanna dæmi um hvernig til hefur tekist. Ég skoðaði nokkrar „Stofur" sem settar hafa verið á stofn síðustu árin og hvað þær kosta á ári í samanburði við viðskiptaáætlun fjármálaráðuneytisins, á þeim tíma sem til þeirra var stofnað. Eitt fyrst.

Hinni nýju **Íslandsstofu,** sem nú stefnir í að verði lögfest, fylgir í frumvarpi viðskiptaáætlun upp á hálfa síðu þar sem engar tölur eru nefndar en eftirfarandi ályktun dregin: *„Verði frumvarpið*

óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð þar sem einungis er um að ræða breytta notkun og tilfærslur á fjárheimildum" Biðum við, Íslandsstofu bíður stórt og veigamikið hlutverk , á grunni Útflutningsráðs og gert er ráð fyrir umgangsmeiri starfsemi en nú er eins og sagt er í frumvarpinu. Geta menn sett svona staðhæfingu fram án greiningar?

En aftur að viðskiptáætlunum og raunveruleikanum. Tek tvö dæmi.

Neytendastofa var sett á fót 2005. Viðskiptaáætlunin var 9 línur og þar sagt að að árlegur kostnaður ríkissjóðs verði um 58 milljónir króna í upphafi og þar muni starfa 7-8 manns. **Á fjárlögum 2010, fimm árum** síðar, eru ríflega 140 milljónir settar í stofnunina og starfsmenn orðnir yfir 20.

Jafnréttisstofa var sett á fót 2008. Viðskiptaáætlun fjármálaráðuneytisins gerði ráð fyrir 33-37 milljón króna kostnaðarauka á ári vegna hennar. **Á fjárlögum 2010 eru settar ríflega 61 milljónir til Jafnréttisstofu.**

Það væri fróðlegt að skoða fleiri stofur, s.s. Umferðarstofu og Biskupsstofu, en læt það öðrum eftir.

Fyrir liggur að fjármálaráðuneytið vinnur viðskiptaáætlanir vegna lagafrumvarpa fyrir Alþingi, sem er kaupandinn í þeim skilningi. **Alþingi ætti að krefjast betri vinnu,** en ýmislegt bendir til að ekki sé nægilega mikil kostnaðarvitund við lagasetningu á meðal þingmanna. En því má auðvitað breyta.

Geri þetta að umtalsefni, til að vekja athygli á hversu ríkar kröfur á að gera til þeirra sem vilja setja á fót nýjar ríkisstofnanir. Þeir verða að leggja fram raunhæfar greiningar. **Núna eru þetta óútfylltir tékkar, sem skýra að hluta þenslu í ríkisútgjöldum.**

Nýverið lýsti forsætisráðherra yfir markmiði um að fækka ríkisstofnunum um 20-30% á næstu árum. **Þá er í lagi að hefja fyrst starfsemi nokkurra nýrra stofnana, áður en við byrjum að spara.**

Fjölmiðlastofa er, ef af verður, dæmigerður ávöxtur ofstýringar, úr hendi stjórnamálamanna sem trúa því að allt verði betra með því að fjölga í eftirlitinu. Í III. kafla fjölmiðlafrumvarpsins er fjallað um stjórnsýslu og hlutverk Fjölmiðlastofu reifað. Ljóst er að starfssviðið er yfirgripsmikið, í eftirliti, upplýsingaöflun og leyfisveitingum. Áður hefur verið bent á þá staðreynd að starfsemi Fjölmiðlastofu leiðir af sér á kostnað sem fellur á fyrirtækin, sem verið er að hafa eftirlit með. Í frumvarpinu kemur einnig fram að kostnaður muni aukast hjá Póst- og fjarskiptastofnun við samþykkt fjölmiðlalaganna.

En að lokum hvað er til ráða. Fyrir það fyrsta þá segir tilskipun ESB ekkert til um Fjölmiðlastofu. Skipulagið sem við höfum núna er ágætt svo og gildandi útvarpslög, í það minnsta á meðan ekki annað betra er í boði. Endurbóta er þörf í löggjöf, en þær verða að bíða hvað fjölmiðla varðar ef frumvarp til fjölmiðlalaga er herkostnaðurinn. Andi þess er vondur og það vinnur gegn einstaklings- og athafnafrelsi. Og í frumvarpið vantar mikilvæga þætti eins og á hefur verið bent.

Besti kosturinn í stöðunni er að mínu mati að hafna frumvarpinu. Við getum auðvitað staðfest að ný sjónvarpstækni hafi borist til landsins, en þurfum við að lögfesta það?

Flokkur: Óflokkað | Facebook | 4 ummæli »

#3 Fjölmiðlafrumvarpið og RÚV

4. 4. 2010

Fjölmiðlafrumvarpið fjallar ekki um **eignarhald á fjölmiðlum og ekki RÚV,** meira hefur verið gert úr eignarhaldi á fjölmiðlum í umræðunni til þessa. Ég er þeirrar skoðunar að eignarhald fjölmiðla sé ekki sérstaklega áhugavert og eiga ekki erindi í sér lög. Sakna þess því ekki í fjölmiðlafrumvarpinu. Fjölmiðlar eru eins og hvert annað fyrirtæki sem lúta verða sömu rekstrarsjónarmiðum og önnur til að halda velli. Fjölmiðlar hafa áhrif á skoðanamótun, ekki síst þeir sem stunda fréttaskrif, en best er að neytendur miðilsins dæmi hann og veiti aðhald. Og landslagið er líka gjörbreytt. Gömlu miðlarnir gefa eftir í fréttum, lestur blaða og hlustun og áhorf á fréttir ljósvakamiðla er minnkandi. Á sama tíma starfa nýir fréttamiðlar á Netinu af krafti og með mun ódýrari hætti en hefðbundnir. Ekki er skortur á vettvangi fyrir skoðanaskipti. **Held að við séum bara í góðum málum, þökk sé fjölbreyttri flóru og samkeppni.**

Í kaldhæðni mætti líka velta upp annarri spurningu. Ef við kæmust að þeirri niðurstöðu að setja þyrfti lög um eignarhald á fjölmiðlum finnst mönnum reynsla síðustu ára gefa tilefni til bjartsýni í að menn hefðu erindi sem erfiði? Held ekki. Menn telja sig vita hverjir eiga Morgunblaðið, Fréttablaðið, 365 ljósvakamiðla, SkjáEinn, DV, ÍNN, Pressuna, Eyjuna og margar útvarpsstöðvanna. Suma eignarhluti er pukrað með, annað er plati og eignarhlutir settir í felubúning. Lög koma ekki í veg fyrir þann leik sem við Íslendingar erum nú heimsmeistarar í, að reisa kastalaborgir um „groups". Látum þetta eiga sig og hugum frekar að skilyrðum fyrir rekstri fjölmiðla almennt og að þeir hagi sér innan ramma núgildandi laga. **Fjórða valdið er stórlega ofmetið og þarf ekki að tjóðra frekar.**

Heita kartaflan er RÚV og hún er ekki snert í frumvarpinu. Hef velt því fyrir mér hvernig það hafi gerst að samstaða hefur haldist innan allra flokka um að verja RÚV fyrir framtíðinni. Menn hafa myndað varðstöðu um óbreytt ástand og stöðnun, þvert á flokka. Jafnvel Sjálfstæðisflokkurinn, sem lengst hefur farið með málefni RÚV síðustu áratugi innan ríkisstjórnar, sýndi sig vanmáttugan í að gera nauðsynlegar breytingar, sem blasa þó við að gera þarf. **RÚV er stóri fillinn** og áhrifin af fyrirtækinu eru mikil á okkar litla markaði. Mikilvægt er að skynja stærðargráður og meta þær í samhengi. Rekstur RÚV kostar 5.000-6.000 milljónir á ári. Verðum að leggja saman **nefskattinn** (3.7 milljarða), **auglýsingatekjur** (1.5 milljarða) og **árlegt rekstrartap** (er lækkandi miðað við síðasta ársreikning, en hefur numið hundruðum milljóna á ári). Almenningur borgar nefskattinn og tapið. RÚV brennir því 5.000 milljónum plús á ári og hvað fáum við landsmenn fyrir þann pening? **Eina sjónvarpsstöð, sem sýnir kvölddagskrá og tvær útvarpsstöðvar.**

Mér finnst það ansi magurt, lítil og oft léleg afurð heilt yfir fyrir hátt verð. Rekstrarlíkanið um RÚV gengur ekki upp og skaðar um leið aðstæður annarra á markaðnum. Í samanburði við norrænar ríkisstöðvar hefur RÚV dregist aftur úr í efnisframboði og tækni, þrátt fyrir mikið rekstrarfé. Þær 5.000 milljónir sem RÚV sogar í sig á ári notast ekki aftur og fyrir líða einkareknir fjölmiðlar ef við gefum okkur að í umferð sé tiltekið fjármagn sem leitar í fjölmiðlun, þar með talið dagskrárgerð. Og til að standa undir of dýrum rekstri sækir RÚV einnig inn á auglýsingamarkaðinn, þar sem einkareknu miðlarnir berjast, á meðal þeirra netmiðlarnir sem sýna vaxandi metnað í sinni dagskrárgerð.

Hér er ekki vettvangur til að ræða frekar hvað á að gera við RÚV, en þetta liggur þó fyrir: Reksturinn er óhagkvæmur og nýtur auk þess mikils forskots í tekjuöflun sinni. Það ber nauðsyn til að endurskilgreina hlutverk RÚV og þá hvaða þjónustu fyrirtækið á að veita. Þess utan verður að takmarka möguleika fyrirtækisins til að sækja auglýsingatekjur til viðbótar við skattfé. **Og að síðustu, þá er alveg fráleitt að leggja fram frumvarp um fjölmiðla þar sem heita kartaflan er útundan!**

En það er fleira sem ekki er í frumvarpinu. 64. greinin tiltekur að gerðar verði breytingar á sex

öðrum lögum samhliða samþykkt fjölmiðlafrumvarpsins. Bandormurinn, sem svo er nefndur, tekur til breytinga á lögum um prentrétt; höfundalög; fjarskiptalög; lög um RÚV (óveruleg breyting); lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum og að síðustu lyfjalög. **Sjöundu lögin, sem ættu að vera í bandorminum, eru breytingar á virðisaukaskattslögum,** nánar tiltekið 2. mgr. 14 gr. laga nr. 50/1988. Almennt skatthlutfall virðisaukaskatts er 25,5% eftir hækkun um áramót. Í umræddri málsgrein er m.a. að finna tæmandi lista undantekninga frá meginreglunni. Samkvæmt henni eru afnota- og áskriftargjöld að sjónvarpsstöðvum á undanþágulistanum og taka því aðeins 7% virðisaukaskatt, á sama tíma og gagnvirk miðlun sjónvarps (VOD) ber 25,5% virðisaukaskatt. **Eru þetta mistök spyr maður sig?** Einn aðaltilgangur löggjafarinnar er jú að samræma löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem notað er, að áskrift að Stöð 2 sé samskonar áskrift og að SkjárBíó og Vodafone leigunni. Dagskrárstjóri Stöðvar 2 ákveður dagskrána fyrir viðskiptavini sína mánuð í senn, velur fjölda kvikmynda og þátta sem sýna á í hverjum mánuði og fyrir það er greitt áskriftargjald, sem ber 7% virðisaukaskatt. Viðskiptavinur SkjásBíó eða Vodafone leigunnar **er eigin dagskrárstjóri** og velur fjölda kvikmynda og þátta sem hann velur að horfa á í hverjum mánuði, þegar honum hentar. Setur saman eigin mánaðardagskrá, eins og ný tækni gerir honum kleift. Fyrir það greiðir hann gjald eftir notkun og ber hver kvikmynd eða þáttur 25,5% virðisaukaskatt, en ekki 7%.

Hefðbundið sjónvarp á að vera jafnsett gagnvirku sjónvarpi eftir innleiðingu ESB tilskipunarinnar og verður að taka sama virðisaukaskatt, annars er samkeppnisstaða miðlanna skökk. Það er sérkennilegt að sprotastarfið í gagnvirkri miðlun, sem er að byggjast upp hérlendis og innleiðing tilskipunarinnar ESB á að styðja, líður fyrir. **Þori varla að nefna, að leiðréttingin getur auðvitað verið á hvorn veginn sem er:** að flytja gagnvirkt sjónvarp á lægra skattstigið eða fella hefðbundna áskriftarstöð eins og Stöðvar 2 og Skjás Eins undir hærra skattstigið. Aðra hvora þarf að gera. **Síðasti pistill minn um fjölmiðlafrumvarpið, að sinni, verður um fjölmiðlastofu og kostnaðarvitund við lagasetningu.**

Flokkur: Óflokkað | Facebook | 3 ummæli »

#2 Fjölmiðlafrumvarpið og ofstýring

2. 4. 2010

Ég er þeirrar skoðunar að frumvarp til fjölmiðla sé skaðlegt og óþarft!

Frumvarpið sýnir áráttu vinstri flokkanna til neyslustýringar. **Mótsögnin** er sú, að á meðan ný tækni hljóð- og myndmiðlunar, sem nú ryður sér rúms, opnar dyr fyrir fjölbreyttara val neytenda, þá hyggst ríkið hafa puttana í hvað neytandinn velur óbeint, sem aldrei fyrr. Ný tækni og áhrif hennar á fjölmiðla er að stórum hluta tilefni þessarar lagasetingar.

Að velja fyrir fólkið gerir ríkið með stífum kröfum á hendur sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja (nota sjónvarpsstöð í stað fjölmiðlaþjónustuveitanda). Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir því að sjónvarpsstöð skuli kosta kapps um að **meiri hluta útsendingartíma sé varið í dagskrárefni frá Evrópu!** Sjónvarpsstöð sem miðlar efni eftir pöntun, gagnvirkt (Video On Demand), skal leitast við að leita eftir að beina framboði efnis úr sömu átt. Þetta er almennt um framboð myndefnis. Settar eru fram kröfur um umfang dagskrárefnis frá sjálfstæðum framleiðendum. Þar er gerð krafa um að sjónvarpsstöð sjái til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum.

Ég spyr, en ef niðurstaða sjónvarpsstöðvarinnar er sú að viðskiptavinurinn vill bandarískt efni í miklu meira mæli, velur þær kvikmyndir og þætti umfram aðra gæðanna vegna ? Þetta er alkunna og með gott efni er auðveldara að afla auglýsingatekna í dagskrárgerð og selja áskriftir, ef sjónvarpsstöðin sýnir efni sem fólk vill horfa á og er tilbúið að greiða fyrir. Segir sig nokkuð sjálft.

Auglýsingar skulu þannig gerðar að ekki valdi börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Ýmsar takmarkanir verða settar um tímalengd auglýsinga. Það verður og bannað að hvetja börn bæði til að kaupa vöru, bannað verður að hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra til að kaupa vöru, bannað að hvetja börn til neyslu á matvælum og drykkjarvörum sem innihalda næringarefni sem hafa óæskileg næringar og lífeðlisfræðileg áhrif séu þau í óhóflegum mæli hluti af mataræði.
Eitt er hugmyndafræðin á baka við svona upplegg, hitt er framkvæmdin. Framkvæmdin virðist vonlaus, en áráttueinkennin eru til staðar og vinstri viljinn til ofstjórnar er ríkur. Aftur veltir maður fyrir sér þeirri staðreynd, að hugmyndin er að **vega að rekstrargrunni sjálfstæðra sjónvarpsstöðva**, sem þurfa ekki á því að halda um þessar mundir eins og vitað er.

Þriðji þáttur ofstjórnunar má sjá í 7. kafla um flutningsskyldu á dagskrárefni. Í því skyni að auðvelda skilning á þessum kafla fyrir lesendum styðst ég við dæmi af aðalleikurunum á sviðinu. Síminn og Vodafone reka langstærstu stafrænu flutningskerfin fyrir sjónvarp og það eru því þessi fyrirtæki sem máli skipta þegar rætt er um flutningsskyldu. Á flutningsskyldu eru tvær hliðar **„Must carry" og „May carry".** Í stuttu máli gengur „Must carry" reglan út á það að Símanum og Vodafone ber að hleypa nýjum sjónvarpsstöðvum inná stafræn flutningskerfi sín og er þá miðað við eðlilegar og sanngjarnar beiðnir frá viðkomandi sjónvarpsstöð. ÍNN, Omega og Stöð 2 eiga að geta fengið dreifingu á báðum dreifikerfum svo dæmi sé tekið. „May carry" snýr í hina áttina, að Síminn og Vodafone geta krafist að fá að dreifa tiltekinni sjónvarpsstöð, Stöð 2, SkjáEinum eða ÍNN, sem af einhverri ástæðu myndu neita að afhenda merki sitt inn á dreifikerfið.

Ég sé ekki þörfina fyrir lög um flutningsskyldu hérlendis, eins og aðstæður eru.
Fjarskiptafyrirtækin eru í harðari samkeppni og þurfa að veita góða þjónustu, eins og bjóða allar sjónvarpsstöðvar sem viðskiptavinirnir kalla eftir. Sama á við um sjónvarpsstöðvarnar. Það er langsótt að sjónvarpsstöð reyni að koma í veg fyrir aukna dreifingu á eigin efni, á öðru af aðaldreifikerfum landsmanna. Slíkt leiddi aðeins af sér tekjutap, í færri áskrifendum og minni auglýsingum. Ég treysti frekar á heilbrigða skynsemi og samofna hagsmuni fjarskiptafyrirtækja, sjónvarpsstöðva og neytenda en stétt misviturra skriffinna.

Og ofstjórninni fylgir skriffinnska, sem mun ná nýjum hæðum á þessi sviði verði frumvarpið að lögum. Eftirlitsiðnaðurinn blómstrar og ný störf skapast þegar hin nýja **Fjölmiðlastofa** sem boðuð er, svo og **Póst- og fjarskiptastofnun** kalla eftir bílhlössum af skýrslum og samningum frá sjónvarpsstöðvunum. Þær eiga að kalla eftir skýrslum um allt milli himins og jarðar , hlaða kostnaði á einkafyrirtækin, til þess eins að mappa lenda á nýrri. Þannig hleðst upp skriffinnska **með tilheyrandi kostnaði, s.s. í mannahaldi, skráningarkerfum, ljósritun. Aukakostnaði er sjónvarpsstöðvunum ætlað að bera**, til að framfylgja lögum sem eru líklega óþörf, í heild sinni eða að hluta. Komi skýrsla ekki á réttum tíma varðar það dagsektum . Fyrir mitt leyti virkar umgjörð um fjölmiðla í stórum dráttum ágætlega. Það sem ekki virkar, eins og að tryggja sanngjarna samkeppni frjálsra sjónvarpsstöðva við RÚV er skilið útundan, er ekki partur af þessu frumvarpi! Það er uppgjöf fyrir áríðandi og mikilvægu viðfangsefni sem má ekki bíða.

Tvær stuttar samantektir mínar birtast á Eyjunni til viðbótar á næstu dögum: **Fjölmiðlafrumvarpið og RÚV og Fjölmiðlafrumvarpið og Fjölmiðlastofa.**

Flokkur: Óflokkað | Facebook | 3 ummæli »

#1 Fjölmiðlafrumvarpið og blaðamenn

28. 3. 2010

Menntamálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi um fjölmiðla, fyrstu umræðu er lokið og málið komið í nefnd. Frumvarpið, sem er á íslensku, er mikið að vöxtum, 374 blaðsíður og vigtar 600 grömm innbundið (fæst þannig á Alþingi). Ég vísa til íslensku, því sú „nýtæknilega" íslenska sem

prentuð er í frumvarpinu mun ekki festast í málinu. Manni er spurn hvers vegna er þá verið að setja svona texta fram. Ég ber ábyrgð á gagnvirku sjónvarpi hjá sjónvarpsstöð hér í bæ. Samkvæmt orðanna hljóðan í frumvarpinu starfa ég hjá fjölmiðlaþjónustuveitanda og sé þar um hljóðmiðlun eftir pöntun (ólínulega hljóðmiðlun).

Markmið fjölmiðlalaganna er: „**að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði** í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi". Orðaflaumurinn er mikill, en mér sýnist lítil innistæða vera fyrir hinum göfugu markmiðum. Ofstjórnarárátta svífur yfir vötnum frumvarpssmiða og skriffinnskan sem af mun leiða er úr öllu hófi, og þess utan eru skilin eftir tvö stór álitamál. Um eignarhald fjölmiðla og hvernig hemja eigi RÚV í tekjuöflun sinni á auglýsingamarkaði. Samt er lagt upp með að þetta sé samræmd heildarlöggjöf.

Fyrsta umræða um þingmál segir ekki endilega til um áhuga þingmanna eða hvernig málið þróast síðar í meðferð þingsins, en það er nú komið til menntamálanefndar. Ég vona alla vega að þingmenn séu einungis að spara sig fyrir frekari átök, því málið er bæði stórt og vont. Þetta frumvarp um fjölmiðla eiga frjálslyndir stjórnmálamenn að taka höndum saman um að fella í núverandi mynd.

Í stuttum Eyjupistli er ekki mögulegt að fara heildstætt yfir álitaefnin, en ég hyggst þess í stað fjalla um afmarkaða þætti í nokkrum pistlum á næstunni sem vonandi varpa ljósi á hvers vegna rétt er að taka slag um þetta mál.

Þeir sem þingmenn sem töluðu í fyrstu umræðu auk ráðherra voru **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttur, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Róbert Marshall.** Andsvör veittu tveir þingmenn. Ragnheiður, Erla Ósk og Þorgerður vöruðu sérstaklega við stofnun nýrrar ríkisstofnunar, svonefndrar fjölmiðlastofu, sem vikið verður að í öðrum pistli og Þorgerður fjallaði einnig um ójafna vígstöðu fjölmiðla í keppni um auglýsingafé við RÚV.

Innleiðing tilskipunar Evrópusambandsins um hljóð – og myndmiðlunarþjónustu er aðal hvatinn fyrir þessu frumvarpi. Hin nýja tilskipun Evrópusambandsins er frá 2007 og Íslendingar áttu að innleiða hana fyrir árslok 2009. Að meginefni er verið að viðurkenna að tækniþróun hefur gjörbreytt skilgreiningum og starfsháttum fjölmiðla og úrelt skilgreiningar. Netið hefur bylt fjölmiðlun, miðlun og notkun, hvort heldur horft/hlustað er á í sjónvarpi, tölvu, síma eða öðrum búnaði. Þannig eru hugtökin samræmd. Fyrirferðarmikið er einnig reglur um auglýsingar þ.á.m. auglýsingar sem beinast að börnum.

Mér skilst að í **Blaðamannafélagi Íslands séu rúmlega 600 félagar** og ég vona að sem flestir þeirra gefi sér tíma til að plægja í gegnum frumvarpið, reyni að sjá skóginn fyrir trjánum, taki þátt í umræðunni og reyni að hafa áhrif á löggjafann, með því m.a.að senda inn umsagnir til þingnefndarinnar, en það er öllum frjálst. Mönnum er viss vorkunn að láta sig hafa það, viðurkenni það, en hagsmunirnir eru ríkir, ekki síst fyrir blaðamenn, sem gegna **mikilvægu hlutverki í að treysta einstaklingsfrelsið, andæfa ofstjórnarárátta þar sem hún birtist. Blaðamönnum ber að veita valdhöfum aðhald í hvívetna.**